



Akraneskaupstaður

**1416. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 10. júní 2025 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2502073 - Bæjarmálasamþykkt - samþykkt um stjórn og fundarsköp (stjórnskipulagsbreytingar)

Breytingar á samþykkt Akraneskaupstaðar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar (bæjarmálasamþykkt) nr. 696/2013, með síðari breytingum, var til umfjöllun á fundi bæjarstjórnar þann 3. júní 2025 og vísað til síðari umræðu.

2. 2206003 - Kosning í ráð og nefndir tímabilið 2022 - 2026

Kosningar og tilnefningar í ráð samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar nr. 696/2013, með síðari breytingum.

Samkvæmt samþykktinni skal kjósa til eins árs þrjá aðalmenn og þrjá til vara í bæjarráð, skóla- og frístundaráð, velferðar- og mannréttindaráð og skipulags- og umhverfisráð og í embætti forseta.

3. 2504041 - Suðurgata 126 breyting á deiliskipulag Sementsreit - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn S126 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Sementsreits vegna lóðar Suðurgötu 126. Sótt er um að heimilt verði að byggja við íbúðarhúsnæði á lóð skilgreint sem B-matshluti ásamt því að heimilt verði að byggja bifreiðargeymslu allt að 39 fm sem skilgreint er sem C-byggingarreitur. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum Skagabraut 21, 23, 24, og 25, Sementsbraut 15 og Jaðarsbraut 3. frá 23.04.2025 til 23.05.2025.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynning sem gerð var skv. 43. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010, verði samþykkt og send á Skipulagsstofnun og í B-deild Stjórnartíðinda.

4. 2505238 - Bæjarráð - umboð í sumarleyfi bæjarstjórnar 2025

Samkvæmt fyrirliggjandi fundaáætlun bæjarstjórnar er gert ráð fyrir sumarleyfi bæjarstjórnar tímabilið frá lokum fundar þess 10. júní til þriðjudagsins 26. ágúst 2025.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar nr. 696/2013, með síðari breytingum, er heimilað að bæjarstjórn fari í sumarleyfi og að bæjarráð fari með valdheimildir bæjarstjórnar á

sama tímabili.

5. 2505077 - Bæjarlistamaður Akraness 2025

Menningar- og safnanefnd sendir inn tillögu um bæjarlistamann Akraneskaupstaðar 2025.

Alls bárust 47 tilnefningar frá bæjarbúum.

Fundargerðir til kynningar

6. 2501002 - Fundargerðir 2025 - bæjarráð

3594. fundur bæjarráðs frá 27. maí 2025.

3595. fundur bæjarráðs frá 5. júní 2025.

7. 2501003 - Fundargerðir 2025 - velferðar- og mannréttindaráð

247. fundur velferðar- og mannréttindaráðs frá 3. júní 2025.

8. 2501004 - Fundargerðir 2025 - skóla- og frístundaráð

264. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 4. júní 2025.

9. 2501005 - Fundargerðir 2025 - skipulags- og umhverfisráð

327. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 22. maí 2025.

328. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 2. júní 2025.

10. 2501024 - Fundargerðir 2025 - Faxaflóahafnir

257. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna sf. frá 23. maí 2025.

11. 2501025 - Fundargerðir 2025 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands og fylgiskjöl

195. fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 28. maí 2025.

12. 2501029 - Fundargerðir 2025 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar

980. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. maí 2025.

10.06.2025

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.